

# Ársskýrsla 2009

## Fimleikadeild Aftureldingar





## Hrun á haustönninni

Starf Fimleikadeildarinnar hrundi á haustönninni. Iðkendum deildarinnar fækkaði úr 220 í um 2009 á vorönn og allt niður í 150 á haustönninni. Munar þar mest um iðkendur í 6-7 ára bekkjum en vegna íþróttafjörsins fækkaði um þrjá hópa í þessum aldursflokki á milli ára. Mikill fjöldi stúlkna á þessum aldri hefur í gegnum árin farið frekar í fimleika en í aðrar íþróttagreinar.

Önnur skýring á fækkun iðkenda er aðstöðuleysi deildarinnar þar sem margir efnilegir iðkendur hafa kosið betri aðstöðu annarra fimleikafélaga. Þess má geta að aðstöðuleysi hefur valdið því að elsti keppnishópurinn sem unnið hefur marga glæsilega sigra fyrir Aftureldingu er ekki lengur til sem keppnishópur í sömu mynd og hann var. Margar stúlkanna hafa hætt keppni þar sem aðstaða dugir ekki til þess að halda sig í toppbaráttunni.

Deildin er aftur á móti ekki tilbúin til þess að sleppa hendinni af þessum stúlkum sem sumar hverjar hafa æft hjá deildinni í 6-7 ár. Þær æfa nú dans og halda hópinn á forsendum lýðheilsu og skemmtunar.



Hjá deildinni æfir einnig hópur stúlkna sem ekki hafa keppni að leiðarljósi heldur fyrst og fremst holla og góða hreyfingu. Um er að ræða unglingsstúlkur sem leita sér fyrst og fremst félagskapar og hreyfingar í fimleikana.

## Stefna

Markmið og stefna stjórnar Fimleikadeildar Aftureldingar er að að stækka aftur og komast aftur í meistaradeild (team gym) þangað sem deildin komst árið 2007.

## Tekjur og gjöld

Tekjur deildarinnar drógust saman um rúmar 3 milljónir króna á milli ára mestmegnis vegna fækkunar iðkenda. Styrkur að upphæð 500.000 kr. skilaði sér ekki. Útistandandi æfingagjöld frá vorönn 2009 eru 290.815 og útistandandi æfingagjöld frá haustönninni voru í lok ársins 452.161 eða samtals 742.976 fyrir báðar annirnar. Hluti þessara æfingagjalda innheimtist í janúar og leitað hefur verið eftir styrkjum fyrir eldri æfingagjöldin.



Gjöldin drógust líka saman um 1.6 milljónir króna þar sem fækkun iðkenda kallaði á fækkun þjálfara.

## Stjórn

Stjórn Fimleikadeildarinnar skipa Eva Magnúsdóttir, formaður, Halla Heimisdóttir, meðstjórnandi, Elín Snorradóttir, meðstjórnandi, Valborg Konráðsdóttir, ritari og





Harpa Smáradóttir, meðstjórnandi. Framkvæmdastjóri deildarinnar er Anna Margrét Arnardóttir.

### **Þjálfarar**

Fimleikadeildin hefur lagt ríka áherslu á að ráða til sín vel menntaða þjálfara auk þess að þjálfa upp yngri þjálfara. Deildin hefur á að skipa mjög reyndum þjálfurum sem starfað hafa lengi já deildinni. Þjálfarar deildarinnar árið 2009 voru 8 og 7 aðstoðarþjálfarar. Haustið 2008 réði i deildin ungverskan þjálfara Zoltán József Demény að nafni til þjálfunar keppnishópanna. Zoltán hætti störfum í lok ársins 2009.

Deildin réði nýjan þjálfara til deildarinnar, Gerði Jónsdóttur. Gerður er með alþjóðlegt einkaþjálfarapróf frá ISSA. Hún hefur farið á námskeið í almennri heilsurækt í Hollandi. Einnig hefur Gerður æft fimleika hjá Gerplu frá árinu 1997 og orðið meðal annars bikar- og Íslandsmeistari. Hún varð jafnframt Íslandsmeistari í Tai kvondo. Hún æfði einnig ballett og dans í Listdansskóla Íslands auk þess að stunda jazzballett í JBS í 3 ár.

Fimleikadeildin leggur áherslu á að ala upp sína eigin þjálfara þar sem þeir búa í bæjarfélaginu og hafa Aftureldingarhjarta. Þannig eru flestar stúlkanna sem keppt hafa fyrir Aftureldingu undanfarin ár farnar að vinna sem aðstoðarþjálfarar.

### **Iðkendum**

Fjöldi iðkenda í deildinni voru 150 í lok ársins 2009 á aldrinum 3ja -16 ára og hefur orðið töluverð fækkun. T hópar eru iðkendum á leikskólaaldri en þeir eru 5 á aldrinum 3-5 ára. R hópar eru byrjendahópar á aldrinum 6 – 9

ára en þeir eru þrír en hafa mest verið sex en það fækkaði í þeim aldursflokki vegna íþróttafjörs. O hópar eru grunnhópar á aldrinum 8 – 9 ára og eru þeir tveir. Tuttugu drengir leggja nú stund á æfingar hjá deildinni. M hópur er einn en hann samanstendur af byrjendum 10 ára og eldri.

### **Mótahald að Varmá**

Á haustmánuðum hélt deildin mót í almenna fimleikastiganum í 1.-2. þrepi. Keppnisstigi í almennum fimleikum er keppnisgrein í fimleikum þar sem ekki er þörf á mörgum áhöldum. Keppnisgreinar í keppnisstiganum eru fjórar, gólfæfingar, dýnustökk, trampólínstökk og stökk yfir hest.

Stúlkur úr Aftureldingu voru sigursælar á mótinu. Í 1. þrepi í flokki 11 ára stúlkna sigraði Ása María Ásgeirsdóttir, Gréta Rós Finnsdóttir, varð önnur og Brynja Hlíf Hjaltadóttir hreppti 3-4 sætið. Í 1. þrepi 12 ára stúlkna átti Afturelding sigurvegarann, Móey Pálu Rúnarsdóttur. Í 2. þrepi 11 ára og yngri hlaut Kristín Birta Davíðsdóttir bronsverðlaun. Í 2. þrepi 12 ára stúlkna sigraði Selma Rún Jóhannesdóttir.

### **Tvö silfur og brons á Íslandsmóti**

Fimm Aftureldingarstúlkur, þær Selma Rún Jóhannesdóttir, Gréta Rós Finnsdóttir, Ása María Ásgeirsdóttir, Móey Pála Rúnarsdóttir, Brynja Hlíf Hjaltadóttir og Birta Jónsdóttir unnu sér inn rétt til keppni á Íslandsmeistaramóti í þrepum. Aftureldingarstúlkur stóðu sig frábærlega á mótinu. Birta Jónsdóttir hreppti silfurverðlaun í þriðja þrepi, Gréta Rós Finnsdóttir, fékk silfurverðlaun í fyrsta þrepi og Móey Pála Rúnarsdóttir, lenti í þriðja sæti í sama þrepi. Allar stelpurnar stóðu sig



frábærlega á mótinu og verður spennandi að fylgjast með þeim í framtíðinni.

### **Á palli á fyrsta FSÍ móti vetrarins**

Fimleikadeildin náði sér aðeins á strik á haustönninni eftir niðursveiflu síðasta vetrar. Fyrsta mót vetrarins í hópfimleikum var haldið á Akranesi á haustdögum og átti Fimleikadeildin tvö lið, í 4 og 5. flokki. Stúlkurnar lentu í 4 sæti í 4. flokki (12-15 ára) og 5. sæti í 5. flokki (9-11 ára). Yfir 700 keppendur kepptu á mótinu sem er það stærsta sem haldið hefur verið í hópfimleikum.

### **Styrktarsamningar**

Árið 2007 var gjöfult hjá deildinni í styrktarsamningum þar sem deildin gerði tvo þriggja ára samninga við fyrirtækin Leirvogstungu ehf. og World Class. Samningnum var ætlað að gilda út árið 2009. Styrkirnir komu í góðar þarfar við uppbyggingu deildarinnar. Því miður voru áhrif kreppunnar þau að annar styrkurinn var dreginn tilbaka í lok ársins 2008 og framlag til ársins 2009 féll einnig niður.

### **Sýningar**

Fimleikadeildin hélt glæsilega vorsýningu fyrir foreldra og aðstandendur fimleikanna í lok tímabilsins. Þar sýndu börnin fimleikaæfingar sem þau höfðu lært yfir veturinn. Í byrjun desember hélt deildin síðan jólasýningu sem meira byggðist upp á skemmtilegum búningum þar sem sköpunargleði barna, þjálfara og foreldra fékk að njóta sín. Mikil aðsókn er á sýningar fimleikadeildarinnar og eykst hún ár frá ári.

### **Framtíðin**

Í fyrsta sinn á fimm ára ferli núverandi stjórnar er framtíðarmyndin ekki björt. Foreldrar sem haldið hafa uppi starfi deildarinnar undanfarið fimm ár eru farin að þreytast á aðstöðuleysinu. Áhöld þau er deildin hefur fengið til afnota liggja undir skemmdum og ganga úr sér án þess að tekist hafi að eignast öll áhöld sem til þarf. Að ekki sé minnst á gryfju sem deildin þarf tilfinnanlega á að halda til þess að geta æft erfiðari stökk.

Þjálfarar deildarinnar sjá ekki bjarta framtíð fyrir keppnishópa deildarinnar verði ekki ráðin bragarbót á. Nágrannasveitarfélögin hafa byggt upp fimleikahús og búa sínum iðkendum góða aðstöðu sem jafnframt stuðlar að velgengni keppnisliða þeirra. Afturelding hefur dregst afturúr þeim keppnisliðum sem eru í forystu í fimleikaheiminum á Íslandi. Það er sorglegt að horfa á það uppbyggingarstarf sem verið hefur uppi undanfarið ár grotna niður við þessar aðstæður.

Fimleikar eru íþrótt sem börn þurfa að hefja snemma eigi þau að eiga möguleika á því að verða afreksmenn. Eigi deildin að eiga sér einhverja framtíð í samkeppni við þau félög sem hún hefur borið sig saman við verður deildin að fá að halda í efnilegustu börnin þegar þau eru 6. og 7 ára því mörg þeirra eru þegar búin að stunda íþróttina frá 3ja til 5 ára aldri. Þannig hefur fimleikafjórið dregið úr möguleikum fimleikadeildarinnar á því að eignast afreksmenn í fimleikum.

*Eva Magnúsdóttir, formaður  
Elín Snorradóttir, meðstjórnandi  
Halla Heimisdóttir, meðstjórnandi  
Harpa Smáradóttir, meðstjórnandi  
Valborg Konráðsdóttir, ritari  
Anna Margrét Arnardóttir, framkvæmdastjóri.*

## FIMLEIKADEILD ársreikningur 01.01.2009- 31.12. 2009

### **REKSTRARREIKNINGUR**

**2009**

#### REKSTRARTEKJUR:

11730	Rekstrarstyrkir	2.186.600
11735	Styrkur v/fyrirmyndafélags	325.000
11755	Styrkir úr Afreksmannasjóði	120.000
12100	Styrkir ýmis fyrirtæki	732.938
15100	Þáttökugjöld	351.114
15300	Aðgangseyrir	41.950
22200	Æflingagjöld	6.828.631
22250	Æflingagjöld gr.m/fristundaávisunum	1.511.480
	<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>12.097.713</b>

#### REKSTRARGJÖLD:

32200	Laun þjálfara	9.062.490
32500	Tryggingagjald	451.844
32600	Lífeyrissjóður	800.221
32700	Orlofs- og sjúkrasjóður	111.098
33200	Bílfreiðastyrkir þjálfara	144.000
34200	Verktakagreiðslur þjálfara	411.825
	<b>Laun og launatengd gjöld</b>	<b>10.981.478</b>

37100	Búningar	16.159
37200	Íþróttáhöld	18.076
38100	Önnur áhöld	5.970
41100	Rútur og annar akstur	95.715
41200	Flug innanlands	257.010
43000	Þáttökugjald	183.300
45100	Verðlaunapeningar	63.340
45200	Dómgæsla	37.000
46100	Annar móthaldskostnaður	182.525
53100	Sími	399.680
53200	Ritföng	37.684
53300	Posi	9.960
53500	Póstkostnaður	3.630
53600	Fundakostnaður	22.720
53800	Tölvukostnaður	20.077
54000	Gjafir	5.278
56100	Námskeiðsgjöld	52.604
65100	Þjónustugjöld VISA/EURO	6.643
65200	Þjónustugjöld banka	62.610
65300	Tryggingar	8.272
66250	Kostnaður v/félagsstarfs	93.488
71100	FSÍ þjónustugjöld	97.204
71110	Afskriftir	120.780
	<b>Annar rekstrarkostnaður</b>	<b>1.799.725</b>

**Rekstrargjöld alls 12.781.203****Hagnaður (tap) án fjármagnsliða (683.490)**

#### FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

76100	Vaxtatekjur	43.748
76200	Vaxtagjöld	(88.722)
76500	Fjármagnstekjuskattur	(4.643)
	<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>	<b>(733.107)</b>



## EFNAHAGSREIKNINGUR

### FASTAFJÁRMUNIR

83500	Eignfærð áhöld og tæki	83.219
	Fastafjármunir alls	<u>83.219</u>

### VELTUFJÁRMUNIR:

86100	Vörur	49.894
86200	Biðreikningur	977
87200	FSI	176.000
88370	Landsbanki 10003	45.644
	Veltufjármunir alls:	<u>272.515</u>

**Eignir samtals 355.734**

### EIGIÐ FÉ

91100	Óráðstafað eigið fé	671.853
91300	Tekjuafgangur ársins	(733.107)
		<u>(61.254)</u>

### SKAMMTÍMASKULDIR:

95600	Biðreikningur v/posa	
95750	Ógr. laun	(6.900)
95760	Ógr. lífeyrissjóður	145.071
95765	Ógr. félagsgjald	19.573
95770	Ógr. Staðgreiðsla	259.244
		<u>416.988</u>

**Skuldir og eigið fé samtals 355.734**



Útgefandi: Fimleikadeild Aftureldingar.

Hönnun og umbrot: Eva Magnúsdóttir.

Myndir: Magnús Björnsson.

Þær voru teknar fyrir uppskriftabókina

Flikk flakk heljarstökk sem gefin var út til

styrktar keppnishópum deildarinnar sem

sjá má á myndunum.